

## Dreifibréf 3/2005/LS

### Hillumerkingar

Lyfjastofnun vill að gefnu tilefni benda á að óheimilt er að fullyrða að vörur sem markaðssettar eru sem náttúruæfni, smáskammtalyf og fæðubótarefni hafi lækningamátt eða fyrirbygggi sjúkdóma eða sjúkdómsástand. Algengt er að sjá slíkar fullyrðingar á hillum lyfjabúða þar sem slíkar vörur eru á boðstólum. Hér er um ólögmdæta markaðssetningu að ræða sem brýtur í bága við 13. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 en þar segir m.a. *"bannað að auglýsa með texta eða myndum beint eða óbeint, að vara sem ekki hefur hlotið viðurkenningu sem lyf, fyrirbygggi, lækni eða lín sjúkdóma, sjúkdómseinkenni eða verki eða lagi eða breyti líffærastarfsemi"*

Lyfjastofnun fer fram á að lyfsöluleyfshafar lyfjabúða fjarlægji þær merkingar á hillum sem brjóta gegn ofangreindum laga- og reglugerðarákvæðum og brýni fyrir starfsfólki sínu þær reglur sem í gildi eru.

Lyfjastofnun